

*Umsögn til kirkjuþings vegna 26. máls 2021-2022*

*Tillaga til þingsályktunar um afnám greiðslna vegna prestsþjónustu*

*Frá Þorvaldi Víðissyni sóknarpresti í Fossvogsprestakalli*

Með þessari umsögn er þeirri skoðun minni komið á framfæri að ég er fylgjandi afnámi gjaldtöku vegna hinna svokölluðu aukaverka presta.

Núgildandi gjaldskrá kirkjuþings um gjaldtöku vegna prestsþjónustu Þjóðkirkjunnar tók við af reglugerð ráðherra um þóknun vegna aukaverka presta. Sú gjaldskrá ráðherra grundvallaðist á lögum frá árinu 1931.

Í ljósi þeirra miklu skipulagsbreytinga sem kirkjan er að ganga í gegnum um þessar mundir, myndi það skjóta skökku við, ef ekki yrði leitað nýrra leiða til að tryggja sanngjarna umbun til presta fyrir þá mikilvægu þjónustu sem felst í athöfnum kirkjunnar og fræðslu, skírnum, fermingarfræðslu, hjónavígslum og útförum. Það er að mínu mati tímaskekkja að halda slíkri gjaldskrá til streitu og styð ég þá grunnhugsun sem að baki þessu máli kirkjuþings býr, að vinna skuli að nýjum tillögum í þessu sambandi.

Þess ber þó að gæta að núgildandi kjarasamningur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands byggist m.a. á því að í gildi sé gjaldskrá vegna prestsþjónustu.

Með þessari tillögu um afnám gjaldskrárinnar hlýtur það því að verða verkefni samninganefndar kirkjuþings og samninganefndar Prestafélags Íslands að semja um heildarkjör, á þeim nýja grundvelli, þar sem umbun vegna prestsþjónustu verði í framtíðinni hluti af kjörum og kjarasamningi.

Í þessari vinnu og í þessum undirbúningi þarf án efa að hrindi í framkvæmd breytingum á skipulagi í þjónustu kirkjunnar sem tryggja muni til framtíðar framúrskarandi þjónustu við sóknarbörnin hvarvetna á landinu, sem og að þjónustubyrðgi sé dreift á sem farsælastan máta milli presta kirkjunnar.

ÞV